

Úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ

Árið 2025, miðvikudaginn 2. apríl, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Þresti Ríkharðssyni, Ernu Birgisdóttur og Helga R. Magnússyni.

Fyrir er tekið málið nr. 1/2025:

Framkvæmdastjóri KSÍ

gegn

A,

B,

C,

og

D

Gögn málsins liggja frammi og kveðinn er upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Kærandi:

Framkvæmdastjóri KSÍ

Eysteinn Pétur Lárusson

Kærðu:

A,

B,

C

og

D

Á fundi aga- og úrskurðarnefndar KSÍ 25. febrúar 2025 var tekin fyrir greinargerð framkvæmdastjóra KSÍ, dags. 25. febrúar 2025, sem barst nefndinni skv. grein 21.2 í lögum KSÍ.

Kærðu var veittur vikufrestur til þess að skila greinargerð og frekari gögnum með bréfi, dags. 25. febrúar 2025. Greinargerðir bárust frá öllum kærðu innan frests.

II.

Málsatvik:

Í greinargerð framkvæmdastjóra KSÍ sem barst aga- og úrskurðarnefnd þann 25. febrúar 2025 kemur fram að málið varði meint brot fjögurra leikmanna [...], á gr. 6.2 laga KSÍ, gr. 4.4 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót og gr. 1.d. staðalsamnings KSÍ í X. kafla reglugerðar KSÍ um félagsskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga. Með greinargerð sinni óskaði framkvæmdastjóri þess að aga- og úrskurðarnefnd tæki málið til skoðunar og ákvarðaði hvort beita skuli viðurlögum gegn kærðu í samræmi við 44. gr. laga KSÍ og reglugerðum sambandsins.

Samkvæmt greinargerð framkvæmdastjóra KSÍ er málið tilkomið vegna ábendingar sem barst KSÍ þann 18. ágúst 2024 um grunsamleg atvik í leik [...] gegn [...] sem fram fór í 2. deild karla þann [...] ágúst 2024 á [...]. Leikurinn endaði [...] fyrir [...] og öll mörkin komu í síðari hálfleik leiksins. Samkvæmt ábendingu til KSÍ var mikið veðjað á „over goal“ eftir 40. mínútu leiksins og ýmis atvik úr leiknum þóttu grunsamleg. Skrifstofa KSÍ áframsendi ábendinguna til samstarfsaðila sinna í heilindamálum, Genius Sport (GS) og UEFA.

Þau svör bárust frá GS þann 21. ágúst 2024 að umræddur leikur hafi verið merktur (*e. flagged*) hjá þeim vegna veðmála sem fóru fram á meðan á leik stóð. Eftir að starfsmenn GS höfðu yfirfarið atvik leiksins í kjölfar ábendingar KSÍ ákváðu starfsmenn GS að færa leikinn upp í hæsta áhættustig (*e. Red grading*) og framkvæma frekari greiningu á leiknum sem og veðmálum sem fram fóru á meðan á leik stóð.

Skýrsla sem var unnin sérstaklega um leikinn af hálfu GS innihélt ýmsar ábendingar um óeðlilega umferð veðmála á meðan á leik stóð og frammistöðu einstakra leikmanna í tengslum við mörk og önnur atvik sem sköpuðu færi í leiknum. Á það var bent af hálfu GS að mikið hafi verið veðjað á sigur [...] með tveimur mörkum eða fleirum og að fimm mörk eða fleiri yrðu skoruð í leiknum. Þrátt fyrir að [...] hafi verið álitid líklegra til að sigra leikinn fyrir fram þá þótti greining GS á leiknum og framvindu hans ekki styðja við þá þróun veðmála sem varð á meðan á leik stóð. Þá var jafnframt á það bent að veðbankinn Pinnacle lokaði fyrir bein veðmál áður en leik var lokið sem gæti bent til þess að áhyggjur hafi verið til staðar um heilindi þessa leiks.

Í samantekt GS má finna greiningu á atvikum í leiknum þar sem kærðu koma við sögu og þykja samkvæmt greiningu GS sérstök, m.a. með hliðsjón af varnartilburðum, staðsetningu og ákvörðunum leikmanna. Samkvæmt skýrslu GS er þó ekki um að ræða sönnun þess að einstaka leikmenn hafi verið viðriðnir eitthvað misjafnt heldur kemur fram að verið sé að benda á atvik sem tilefni þykir til að skoða nánar. Þau atvik sem eru tekin saman beinast einkum að því hvernig mörk leiksins eru tilkomin og sérstaklega á það bent af hálfu GS að [...] hafi, a.m.k. að einhverjum hluta, átt þátt í [...] mörkum sem liðið fékk á sig.

KSÍ barst svar frá UEFA þann 27. ágúst 2024 þar sem finna mátti samantekt frá Sportradar um leikinn. Þar kom fram að ástæða þætti til að hafa áhyggjur vegna fjölda veðmála á tap [...] með þremur mörkum eða fleirum og að skoruð yrðu fimm mörk eða fleiri í leiknum. Fjöldi veðmála á þessi úrslit þóttu óeðlileg þar sem þau jukust skyndilega, þrátt fyrir að staðan hafi enn verið 0-0 í hálfleik. Þá var á það bent í samantekt Sportradar að veðbankinn Bet365 lokaði fyrir bein veðmál á 69. mínútu leiksins. Þá mátti jafnframt finna lýsingu á lykil atvikum innan leiksins með hliðsjón af þætti einstaka leikmanna í þeim. Líkt og í skýrslu GS beinast þessi atvik einkum að mörkum sem [...] fékk á sig í leiknum á 25 mínútna kafla.

Í greinargerð framkvæmdastjóra KSÍ er að miklu leyti vísað til þeirra skýrslna og gagna sem lágu fyrir og þess óskað að aga- og úrskurðarnefnd taki mál þetta til skoðunar og ákvarði með hliðsjón af gögnum málsins hvort beita skuli viðurlögum í samræmi við 44. gr. laga KSÍ og/eða samkvæmt öðrum reglugerðum sambandsins. Með greinargerð framkvæmdastjóra KSÍ fylgdi upphafleg ábending til KSÍ, samskipti KSÍ við GS og UEFA ásamt skýrslu GS og samantekt Sportradar. Þá var að lokum að finna vefslóð á myndbandsupptöku af leiknum milli [...] og [...] sem fram fór [...] ágúst 2024.

III.

Kærðu var veittur sjö daga frestur til að skila greinargerðum með bréfi dags. 25. febrúar 2025. Kærðu A og B skiluðu greinargerð samdægurs, kærði D skilaði greinargerð sinni 26. febrúar 2025 og kærði C skilaði greinargerð sinni þann 3. mars 2025.

Kærði A kvaðst í greinargerð sinni meðvitaður um alvarleika málsins en að það hafi komið honum á óvart að vera bendlaður við mál sem þetta. Kvaðst hann ekki hafa komið nálægt neinni háttsemi á borð við hagræðingu úrslita.

Kærði B hafnaði öllum ásökunum á hans hendur í greinargerð sinni. Kærði benti á að knattspyrna væri hraður leikur þar sem mistök ættu sér stað og það væri ósanngjarnt að bendla leikmann við hagræðingu úrslita út frá mistökum. Í greinargerð kærða er bent á að í málinu liggi engar raunverulegar sannanir fyrir heldur sé málið byggt á tölfræðilegri greiningu á veðmálum og frammistöðu leikmanna. Kærði telur engar sannanir liggja fyrir um ásetning til þess að hagræða úrslitum eða hagnast á veðmálum að öðru leyti. Kærði fór fram á að málið yrði unnið af sanngirni og kvaðst reiðubúinn til að veita frekari upplýsingar og aðstoð ef þess væri óskað.

Kærði D kvaðst reiðubúinn til að veita allar upplýsingar sem óskað væri af hálfu aga- og úrskurðarnefndar. Kærði benti á í greinargerð sinni að allir leikmenn gerðu mistök og neitaði að hafa átt hlut í hagræðingu úrslita.

Kærði C hafnaði öllum ásökunum um meint brot sín. Kærði benti á í greinargerð sinni að mörk leiksins hafi að mestu verið tilkomin vegna mistaka annarra leikmanna og að hann hafi ekki haft stjórn á þeirri atburðarrás sem leiddi til markanna. Kærði benti jafnframt á að liðið hafi átt erfitt uppdráttar og frammistaða oft verið slæm. Þá framvísaði kærði yfirliti yfir reikninga sína til að sýna fram á að hann tæki ekki þátt í veðmálum og hefði engra hagsmuna að gæta af meintum brotum. Af hálfu kærða var bent á að engin gögn lögju fyrir um þátttöku hans í meintum brotum og kvaðst hann reiðubúinn til að veita allar upplýsingar sem óskað væri eftir í þágu málsins.

IV.

Niðurstaða:

Mál þetta var tekið til umfjöllunar hjá aga- og úrskurðarnefnd á grundvelli greinargerðar framkvæmdastjóra KSÍ þar sem því var beint til aga- og úrskurðarnefndar að taka til skoðunar meint brot tiltekinna leikmanna [...] í leik liðsins gegn [...] sem fram fór [...] ágúst 2024 á [...].

Snúa hin meintu brot að gr. 6.2 laga KSÍ, gr. 4.3 í reglugerð KSÍ og gr. 1.d. staðalsamnings KSÍ í X. kafla reglugerðar KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga. Öll fyrrgreind ákvæði snúa að því að leikmönnum sé óheimilt að taka þátt eða stunda ólöglega veðmálastarfsemi eða taka þátt í hagræðingu úrslita leikja.

Í málinu liggur fyrir skýrsla sem KSÍ aflaði frá Genius Sport og skýrsla frá Sportradar, sem var unnin fyrir UEFA og KSÍ. Í báðum skýrslum er vakin athygli á óeðlilegri umferð veðmála miðað við gang leiksins og jafnframt vakin athygli á frammistöðu fyrrgreindra leikmanna.

Í 39. og 41. gr. agareglna FIFA, sem eru ákvæðum reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál til fyllingar, er fjallað um sönnunargögn, mat á sönnunargögnum og sönnunarkröfu í agamálum. Af ákvæðum þeirrar greinar leiðir að þær sönnunarkröfur sem þurfi að uppfylla í agamálum svo brot teljist nægjanlega sannað er að fullnægjandi líkur (*e. comfortable satisfaction*) séu á sekt að mati úrskurðarvalds, sbr. m.a. dómur áfrýjunardómstóls KSÍ í máli nr. 1/2021.

Sú meinta háttsemi sem kæra framkvæmdastjóra KSÍ beinist að, að hagræða úrslitum leikja, verður að teljast með alvarlegri brotum sem finnast innan knattspyrnuhreyfingarinnar. Refsing við brotum skv. fyrrgreindum ákvæðum getur leitt til þungbærra refsinga og því mikilvægt að sönnunarmati sé fullnægt.

Ekki liggja fyrir í málinu nein gögn sem tengja kærðu með beinum eða óbeinum hætti við veðmál í tengslum við umræddan leik. Þá hafa kærðu, hver fyrir sig, skilað greinargerð í málinu þar sem hinum meintu brotum er staðfastlega neitað og hafa kærðu jafnframt, fyrir sitt leyti, rökstutt að frammistaða þeirra hafi ekki verið óeðlileg að neinu leyti og hafa með því mótmælt niðurstöðum fyrrgreindra skýrsla hvað varðar frammistöðu þeirra í umræddum leik.

Í málinu liggur enn fremur fyrir myndbandsupptaka af leiknum og að mati aga- og úrskurðarnefndar verða ekki dregnar neinar ályktanir af henni í tengslum við hin meintu brot.

Að öllu ofangreindu virtu verður talið að ekki liggi fyrir fullnægjandi sönnun fyrir því að hinir kærðu hafi gerst brotlegir við gr. 6.2 laga KSÍ, gr. 4.3 í reglugerð KSÍ eða gr. 1.d. staðalsamnings KSÍ í X. kafla reglugerðar KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga.

V.

Úrskurðarorð:

A, B, C og D skulu ekki sæta viðurlögum vegna meintra brota sem vísað var til í greinargerð framkvæmdastjóra KSÍ, dags. 25. febrúar 2025.

Þröstur Ríkharðsson [sign]

Erna Birgisdóttir [sign]

Helgi R. Magnússon [sign]

Um fresti vegna áfrýjunar:

Samkvæmt gr. 17.3 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með. Áfrýjun mála frestar réttaráhrifum úrskurðar að undanskildum tilvikum þar sem um er að ræða sjálfkerafa leikbönn, sbr. gr. 17.4 reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál.